

Nýherji hf. Starfsreglur starfskjaranefndar

Tilgangur og skipun starfskjaranefndar

1. gr.

Starfskjaranefnd stjórnar Nýherja starfar samkvæmt ákvörðun stjórnar Nýherja og hefur þann tilgang að vinna að framgangi og samræmingu starfskjaramála og mannauðsmála almennt hjá félaginu, og þar með að styðja við stefnu félagsins um nútímalega stjórnunarhætti. Nefndin er skipuð þremur einstaklingum, sem stjórn Nýherja hf. skipar, tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi ráðgjafa.

2. gr.

Nefndarmenn skulu vera óháðir stjórnendum félagsins og skulu hafa þekkingu og reynslu á því sviði sem nefndin starfar á. Meðal nefndarmanna skal vera staðgóð þekking og reynsla á sviði mannauðsstjórnunar og starfskjaramála.

Verkefni starfskjaranefndar

3. gr.

Nefndin skal setja fram tillögur til stjórnar um fyrirkomulag og þróun starfskjaramála hjá félaginu, bæði hvað varðar æðstu stjórnendur og starfsmenn almennt. Nefndin skal einnig fylgjast með framkvæmd og þróun mannauðsstefnu félagsins almennt.

4. gr.

Nefndin skal að lágmarki árlega yfirfara starfskjarastefnu félagsins og gera tillögu til stjórnar um breytingar á henni ef við á. Nefndin skal enn fremur meta og hafa eftirlit með hvort starfskjarastefnunni er fylgt, þ.e. hvort vinnuferlar og umgjörð eru í samræmi við stefnuna og hvort viðeigandi mælikvarðar benda til að árangri sé náð.

5. gr.

Starfskjaranefnd skal skila stjórn minnst einu sinni á ári skriflegri skýrslu eða kynningu um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið í athugunum hennar. Í skýrslunni skal sérstaklega getið um veikleika, sem fram hafa komið í skoðun starfskjaranefndar.

Heimildir og starfsemi starfskjaranefndar

6. gr.

Starfskjaranefnd hefur aðgang að launatölum og öðrum gögnum og upplýsingum er varða rekstur fyrirtækisins og nefndin telur nauðsynlegar. Nefndin getur leitað til einstakra stjórnenda félagsins, t.d. forstjóra, mannauðsstjóra og annarra yfirstjórnenda félagsins, og fengið upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að sinna sínu hlutverki. Form og gæði þeirra upplýsinga, sem um er beðið, skal ákveðið af starfskjaranefnd hverju sinni.

7. gr.

Starfskjaranefnd hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem hún telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Skulu slík verkefni tilkynnt og samþykkt af formanni stjórnar Nýherja hf. hverju sinni.

8. gr.

Starfskjaranefnd skal halda fundargerðir og skal þar fylgja sömu reglum og við fundargerðir stjórnarfundar. Stjórnarformanni skal sent afrit af fundargerðum starfskjaranefndar.

9. gr.

Stjórn fyrirtækisins getur sent starfskjaranefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni, sem varðar mannauðsmál fyrirtækisins eða starfskjaramál einstakra hópa. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni með þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að fylgja eftir.

10. gr.

Nefndin getur lagt fyrir stjórn tillögur um breytingar er varða starfskjarastefnu, mannauðsstefnu eða aðra þætti er tengjast verksviði nefndarinnar og hún telur tilefni til að stjórnin fjalli um.

Ýmis ákvæði

11. gr.

Starfskjaranefndin yfirfer reglur þessar að minnsta kosti árlega og metur hvort reglurnar séu fullnægjandi og gerir tillögur til stjórnar Nýherja um breytingar.

Samþykkt á fundi stjórnar Nýherja hf. 23. september 2015.